

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 775/2008**2021/EES/43/08**

frá 4. ágúst 2008

um að setja hámarksgildi fyrir leifar kantaxatíns, sem er aukefni í fóðri, til viðbótar þeim skilyrðum sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB**(Texti sem varðar EES) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum þriðja málslið 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/7/EB frá 24. janúar 2003 um breytingu á skilyrðum fyrir leyfi fyrir kantaxantíni í fóðri í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾ er kveðið á um skilyrði fyrir leyfi fyrir aukefninu kantaxantíni fyrir tiltekna flokka dýra. Að því er varðar þá flokka, sem falla undir tilskipun 2003/7/EB, kom sú tilskipun í stað þeirra skilyrða fyrir leyfi sem kveðið var á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2316/98 ⁽³⁾. Aukefnið var fært inn í skrá Bandalagsins yfir aukefni í fóðri sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 2) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar samþykkti matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd

„stofnunin“) álit hinn 14. júní 2007 um hámarksgildi leifa fyrir kantaxatín í matvælum úr dýrum ⁽⁴⁾. Í því skyni að taka tillit til viðtekis dagskammts fyrir kantaxantín lagði stofnunin til að hámarksgildi leifa fyrir það efni yrðu fastsett í samræmi við gildin sem gefin eru upp í álitinu.

- 3) Því skal til samræmis við það fastsetja hámarksgildi leifa fyrir fóðuraukefnið kantaxatín, til viðbótar við gildandi skilyrði fyrir leyfi fyrir þetta aukefni.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Til viðbótar við þau skilyrði fyrir leyfi sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB skal það hámarksgildi leifa, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, gilda fyrir kantaxatín.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 207, 5.8.2008, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2009 frá 24 apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 33, 25.6.2009, bls. 4.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

(2) Stjtið. EB L 22, 25.1.2003, bls. 28.

(3) Stjtið. EB L 289, 28.10.1998, bls. 4.

(4) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fóður um hámarksgildi leifa fyrir kantaxantíni í matvælum úr dýrum sem fóðruð eru með kantaxantíni sem aukefni í fóðri. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA Journal) 2007) 507, bls. 1-19.

VIÐAUKI

EB nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýrarákinu
--------	---------	------------------------	-------------------------	---

Litgjafar, að meðtöldum litarefnum**1. Karótenóíð og xantófýll**

E161 g	Kantaxantín	C ₄₀ H ₅₂ O ₂	Alifuglar, þó ekki varphænur	15 mg kantaxantíns/kg lifur (blautur vefur) og 2,5 mg kantaxantíns/kg skinni/fitu (blautur vefur)
			Varphænur	30 mg kantaxantíns/kg eggjarauðu (blautur vefur)
			Lax	10 mg kantaxantíns/kg vöðvum (blautur vefur)
			Silungur	5 mg kantaxantíns/kg vöðvum (blautur vefur)
	3.1 Kantaxantín, leyft til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins		Alifuglar, þó ekki varphænur	15 mg kantaxantíns/kg lifur (blautur vefur) og 2,5 mg kantaxantíns/kg skinni/fitu (blautur vefur)
			Varphænur	30 mg kantaxantíns/kg eggjarauðu (blautur vefur)
			Lax	10 mg kantaxantíns/kg vöðvum (blautur vefur)
			Silungur	5 mg kantaxantíns/kg vöðvum (blautur vefur)